

Nd.

## 7. Frumvarp til laga

[7. mál]

um afnám laga um veitingaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér á landi er mikill skortur gistihúsa. Öll slík starfsemi hefur átt örðugt uppdráttar. Á hinn bóginn er höfuðnaðsyn, að straumur erlendra ferðamanna til Íslands geti aukizt, en til þess þarf bættan gisti- og veitingahúsakost.

Fyrir rúmum 20 árum, þegar mjög miklum erfiðleikum var bundið að sjá farborða fjárhag ríkissjóðs, var til þess gripið að lögfesta veitingaskatt, og hefur hann verið innheimtur síðan.

Þessi skattheimta hefur þyngt róðurinn fyrir veitinga- og gisthúsarekstri og hafa menn setið um færi, til þess að létta af þeirri byrði.

Veitingaskatturinn nam á s. l. ári rúml. 2.1 millj. króna. Hefur innheimta á skatti þessum reynzt verulegum örðugleikum bundin og náði skattfjárhæðin á s. l. ári ekki áætlun fjárlaga.

Þar eð nú hefur þótt fært að áætla ýmsa tekjuliði í fjárlagafrumvarpinu nokkru hærri en þeir eru í núgildandi fjárlögum er talið eðlilegt með skriskotun til þess, er hér að framan greinir, að skattur þessi sé afdnuminn.